



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

Ársskýrsla 2015

Prófill

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Húsnæði skólans er 6.523 m². Árið 2015 voru 109 ársnemendur við skólann, starfsmenn voru 33 í 26,7 stöðugildum

Námsframboð:

Skólinn bauð upp á nám á tveimur brautum til stúdentsprófs: náttúrufræðibraut og félagsfræðibraut. Ennfremur var boðið upp á nám á íþróttabraut og almennri námsbraut.

Framkvæmd markmiða:

Unnið er að öllum markmiðum skólans sem getið er í skólasamningi. Sum markmið eru uppfyllt og árangur er að nást með önnur markmið þó sumum þeirra sé ekki náð að fullu.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Veturinn 2014-2015 var farið í aðgerðir til þess að bæta ástundun og árangur nemenda með því t.d. að endurskoða viðbrögð og eftirfylgni varðandi mætingar nemenda. Settar fram skriflegar leiðbeiningar og viðmið um hlutverk kennara og nemenda í vinnustofum. Haldið var áfram með þessa vinnu á haustönn 2015 og hefur hún skilað sér í betri mætingu. Einnig var unnið að bættri líðan nemenda í vinnustofum með því að skapa þar meiri vinnufrið.

Úttektir:

Ríkisendurskoðun hóf úttekt á stofnuninni undir lok árs 2015.

Afkoma, rekstrarstaða:

Rekstur skólans var neikvæður um 2,4 millj. kr.

Brottfall:

Um 2% brottfall var við skólann árið 2015

Stjórnun:

Skólameistari, áfangastjóri og brautarstjóri almennrar brautar

Samvinna við aðra:

Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskólinn á Húsavík, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Þingeyjarskóli, Grunnskólinn á Þórshöfn, Hríseyjarskóli, Ungmennafélagið Efling og Þekkingarnet Þingeyinga. Samstarf var við Keili um notkun upplýsingatækni í námi. Auk þess var samstarf um fyrirhugaða opnun framhaldsskóladeildar á Vopnafirði við Austurbrú, Grunnskólann á Vopnafirði og Vopnafjarðarhrepp.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:

Skólinn rekur framhaldsskóladeild á Þórshöfn. Skólinn sérhæfir sig í persónubundinni þjónustu og sveigjanlegu námsumhverfi. Nemendur eru með samfelldan skóladag frá 09:10-15:30 sem samanstendur af fag tímum og vinnustofum undir leiðsögn kennara á milli fagtíma.

Nemendur og nám:

Við Framhaldsskólann á Laugum voru 4 námsbrautir, almenn braut, félagsfræðibraut, íþróttabraut og náttúrufræðibraut.

107 nemendur hófu nám í byrjun árs 2015, og skiluðu þeir 105,8 nemendaígildum.

10 á almennri námsbraut

43 á félagsfræðibraut

26 á íþróttabraut

24 á náttúrufræðibraut

4 voru enn í grunnskóla en stunduðu nám við Framhaldsskólann á Laugum.

60 strákar og 47 stúlkur. Brottfall á önninni var 1,9%. Að meðaltali voru 15,2 nemendur á kennslutíma.

Haustið 2015 byrjuðu 104 nemendur sem skiluðu 111,6 nemendaígildum

11 á almennri námsbraut

46 á félagsfræðibraut

23 á íþróttabraut

24 á náttúrufræðibraut.

56 strákar og 48 stúlkur. Brottfall á önninni var 1,9%. Að meðaltali voru 15,2 nemendur á kennslutíma.

Sú námsskrá sem lá fyrir vorið 2015 var tekin til endurskoðunar og stefnt er að samþykkt hennar vorið 2016.

Kennsluhættir við Framhaldsskólann á Laugum eru fjölbreyttir og taka mið af því námskerfi sem notað er í skólanum. Skóladagurinn á Laugum er samfelldur kl. 09:10-15:30 alla virka daga vikunnar nema föstudaga þegar hætt er kl 14:40. Skóladagurinn samanstendur af hefðbundnum fag tímum og vinnustofum þeirra á milli. Í vinnustofum vinna nemendur að verkefnum sínum með aðstoð kennara. Kennslan í fag tímum er fjölbreytt, allt frá hefðbundnum fyrirlestur, yfir í umræðutíma, yfir í vendikennslu og notast skólinn við námskerfið Moodle til að halda utanum námið. Í skólanum er símat, þ.e. nemendur þreyta próf, gera ritgerðir og leysa verkefni með jöfnum hætti yfir önnina og lokapróf í hefðbundnum skilningi eru ekki þreytt við skólann nema í undantekningartilfellum. Kennsluvikur annararinnar eru því að jafnaði 17 talsins. Þessi tilhögun gerir það að verkum að námið er mjög einstaklingsmiðað og auðvelt fyrir nemendur að taka færri eða fleiri einingar en hefðbundið skipulag gerir ráð fyrir.

Þórshafnardeild:

Framhaldsskólinn á Laugum hefur starfrækt framhaldsskóladeild á Þórshöfn frá haustinu 2009. Starfið hefur gengið vel og eru heimamenn ánægðir með þessa þjónustu. Á vorönn voru sex nemendur við deildina og níu á haustönn. Á haustmánuðum 2015 var farið á leit við Framhaldsskólann á Laugum að opna sams konar framhaldsskóladeild á Vopnafirði í samstarfi við Austurbrú og Vopnafjarðarhrepp haustið 2016 og tók skólinn vel í það. Á þessari stundu er óvíst hvort af slíkri opnun verður þrátt fyrir vilja allra aðila því ekki hefur enn tekist að tryggja nægilegt fjármagn til að reka framhaldsskóladeildina.

Samstarf við aðra:

Samstarf hefur verið við Verkmenntaskólann á Akureyri um að taka að sér að kenna í fjarnámi þá áfanga sem við getum ekki boðið uppá, með þessu móti getum við aukið námsframboð okkar. Einnig geta nemendur skólans tekið slíka áfanga í gegnum Fjarmenntaskólann en skólameistari Framhaldsskólans á Laugum situr fundi Fjarmenntaskólans hálfsmánaðarlega. Að sama skapi kemur einnig til greina að Framhaldsskólinn á Laugum bjóði nemendum annarra skóla áfanga í gegnum Fjarmenntaskólann.

Í kjölfarið af sameiningaráætlunum framhaldsskóla á norðausturlandi sem síðar var hætt við var stofnaður vinnuhópur af Menntamálaráðherra sem samastóð m.a. af skólameisturum Verkmenntaskólans á Akureyri, Menntaskólans á Akureyri, Menntaskólans á Tröllaskaga, Framhaldsskólans á Húsavík og Framhaldsskólans á Laugum. Undir lok árs var svo undirritaður samstarfssamningur á milli þessara skóla og í þessum rituðum orðum er verið að vinna að útfærslu hans.

Samstarf hefur líka verið við grunnskóla um kennslu í einstaka áfanga fyrir þá nemendur sem lokið hafa markmiðum grunnskólans fyrir 10. bekkinn. Á árinu 2015 nýttu fjórir nemendur frá Grunnskólanum á Þórshöfn og Hríseyjarskóla sér þennan möguleika. Einnig sá Framhaldsskólinn á Laugum um raungreinakenndu tvo tíma í viku fyrir Þingeyjarskóla á haustönn 2015.

Samstarf er milli íþróttabrautarinnar og Ungmennafélagsins Eflingar um þjálfun ungmenna. Þetta nýtist skólanum sem hluti af starfsnámi brautarinnar.

Skólinn á í samstarfi við Þekkingarnet Þingeyinga um rekstur Þórshafnardeildar og þróunar náms í ferðamálafræðum. Hins vegar er að svo stöddu ekki vitað hvort af námi í ferðamálafræðum verður. Einnig var samstarf við Keili um notkun upplýsingatækni í námi.

Mat á markmiðum skólasamnings:

Nýr skólasamningur tók gildi 1. janúar 2015 og unnið var eftir markmiðum hans á árinu. Mæting nemenda var nokkuð nálægt markmiðum skólans (84%), var 83,7% á vorönn og 83,2% á haustönn. Brottfall úr áföngum var 6,7% á vorönn en lækaði í 4,9% á haustönn og nálgast því markmið skólasamningsins um 4,5% brottfall úr áföngum árið 2017.

Árið 2015 hefur nemendum almennt liðið vel þrátt fyrir að örlítið vanti uppá að 90% nemenda líði vel í skólanum. Í fagtímum leið 87,5% nemenda vel, 80,6% í vinnustofum og 86,5% eftir skóla. Nemendur hafa daglegan aðgang að námsráðgjafa og reglulegan aðgang að heilbrigðisþjónustu og sálfræðingi eins og markmiðin kveða á um.

Aðeins hefur verið unnið að því markmiði að auka fjölbreytni náms og vinna við námsframboð í ferðamálafræðum í samstarfi við Þekkingarsetur Þingeyinga fór fram á árinu. Endanlega ákvörðun um hvort fýsilegt sé að bjóða upp á slíkt nám á þó eftir að taka. Meðaleinkunn nemenda lækkaði aðeins miðað við undanfarin ár, var 6,9 á vorönninni og 6,6 á haustönninni. Þetta er vel frá markmiðum skólasamnings sem kveða á um 7,6 í meðaleinkunn í lok árs 2017. Unnið var að skólanámskrá á árinu og er hún næstum tilbúin. Verkið hefur því miður gengið aðeins hægar en stefnt var að.

Allir fastráðnir kennarar skólans eru með leyfisbréf í samræmi við markmið skólasamningsins og um þriðjungur þeirra með meistaragráðu í sínu fagi. Samstarf við aðra framhaldsskóla á svæðinu er virkt og jókst á árinu 2015. Að sama skapi er gott samstarf við grunnskóla og félagasamtök á svæðinu, t.a.m. starfa nemendur í starfsnámi á íþróttabraut við þjálfun hjá Ungmennafélaginu Eflingu.

Starfsmannahald 2015:

Skólanum er stýrt af skólameistara og honum til aðstoðar er áfangastjóri í 50% starfi sem slíkur. Einnig er 10% af starfi brautarstjóra almennrar námsbrautar skilgreint sem stjórnunarstarf. Kennarar við skólann eru í 10,6 stöðugildum, bókasafnskennari er í 60% starfi, verkefnastjóri á Þórshöfn í 100% starfi og námsráðgjafi í 50% starfi. Á árinu þurfti samt að auka stöðuhlutföll kennara í hlutastörfum lítillaga svo hægt væri að inna alla þá kennslu sem boðið var upp á á árinu af hendi. Fjármálastjóri er í 50% starfi, kerfisstjóri í 55% starfi, húsverðir í tveimur stöðugildum sem og ræstitækna og húsbændur í rétt rúmum

tveimur stöðugildum. Skólahjúkrunarfræðingur kemur einn morgun í viku. Hjá mötuneyti skólans er bryti (matráður, kokkur) í fullu starfi og starfsstúlkur í 3,1 stöðugildi. Jafnframt starfar fjármálastjóri hjá mötuneytinu í 50% starfi og þvottastjóri í 100% starfi.

Árið 2015 unnu eftirtaldir við Framhaldsskólann á Laugum:

Skólameistari:

Sigurbjörn Árni Arngrímsson frá 15. september 2015

Hallur Birkir Reynisson til 15. september 2015

Áfangastjóri:

Hallur Birkir Reynisson haustönn 2015

Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir vorönn 2015

Brautarstjóri almennrar námsbrautar:

Sverrir Haraldsson

Verkefnastjóri framhaldsskóladeildar á Þórshöfn:

Hildur Stefánsdóttir

Námsráðgjafi:

María Jónsdóttir

Skólahjúkrunarfræðingur:

Dagbjört Bjarnadóttir

Fjármálastjóri:

Þórunn Sigtryggsdóttir

Kerfisstjóri:

Kristinn Ingi Pétursson

Bryti:

Kristján Guðmundsson

Kennarar skólans:

Andri Hnikarr Jónsson

Arnór Benónýsson

Birna Björnsdóttir

Connie Maria Cuesta-Schmiedl

Guðmundur Smári Gunnarsson

Hanna Sigrún Helgadóttir

Hildigunnur Jónsdóttir

Olga Hjaltalín Ingólfssdóttir

Ragna Heiðbjört Þórisdóttir

Þórir Aðalsteinsson

Bókasafnskennari:

Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir haustönn 2015
Júlía Sigurðardóttir vorönn 2015

Skrifstofa:

Kristjana Kristjánsdóttir, skólaritari

Starfsfólk mótneysis:

Hólmfríður Þorkeldsdóttir, starfsstúlka
Jóna Jónsdóttir, starfsstúlka
Sigríður Sveinbjörnsdóttir, starfsstúlka
Sigrún Hringsdóttir, starfsstúlka

Þvottahús:

Aðalbjörg Tryggvadóttir

Húsbændur:

Ingólfur Víðir Ingólfsson
Hlynur Snæbjörnsson haustönn 2015
Jón Sverrir Sigtryggson haustönn 2015
Óli Antonsson haustönn 2015
Benedikt Kristjánsson vorönn 2015
Guðmundur Jónsson vorönn 2015

Húsverðir:

Jón Friðrik Benónýsson
Jóhanna Sif Sigþórsdóttir frá 1. ágúst 2015
Bryndís Pétursdóttir til 1. ágúst 2015

Ræstingar:

Eva Björg Jónsdóttir
Friðrika Illugadóttir

Fjármál og rekstur

	Rekstarreikningur		
	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Fjárheimildir 2015
Tekjur			
Sértekjur	26.431.037	29.956.038	23.600.000
Markaðar tekjur	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	1.308.000	1.428.000	1.300.000
Tekjur samtals	27.739.037	31.384.038	24.900.000
Gjöld			
Almennur rekstur	261.667.426	228.564.455	256.417.222
101 Framhaldsskólinn á Laugum	261.667.426	228.564.455	256.417.222
Gjöld samtals	261.667.426	228.564.455	256.417.222
Tekjur umfram gjöld	-233.928.389	-197.180.417	-231.517.222
Framlag úr ríkssjóði	231.517.222	207.918.525	231.517.222
Hagnaður/tap ársins	-2.411.167	10.738.108	0

Efnahagsreikningur		Reikningur 31.12.2015	Reikningur 31.12.2014
Eignir			
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir		0	0
Langtímakröfur		0	0
	Fastafjármunir samtals	0	0
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		0	0
Inneign hjá Ríkissjóði		0	0
Skammtímalán		0	0
Skammtímakröfur aðrar		1.312.161	3.862.955
Handbært fé		6.213.104	5.261.374
	Veltufjármunir samtals	7.525.265	9.124.329
	Eigið fé samtals	7.525.265	9.124.329
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Höfuðstóll			
Staða í ársbyrjun		-7.218.412	-17.956.520
Breyting v/lokafjárlaga		0	0
Hagnaður/tap ársins		-2.411.167	10.738.108
	Höfuðstóll í árslok	-9.629.579	-7.218.412
Annað eigið fé			
Bundið eigið fé		0	0
Famlag til eignamyndunar		0	0
	Annað eigið fé samtals	0	0
	Eigið fé í árslok	-9.629.579	-7.218.412
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		0	0
Tekin löng lán		0	0
	Langtímaskuldir samals		
Skammtímaskuldir			
Yfirdráttur á bankareikningum		0	0
Skuld við ríkissjóð		13.861.173	12.780.063
Skammtímalántökur		0	0
Aðrar skammtímaskuldir		3.293.671	3.562.678
	Skammtímaskuldir samtals	17.154.844	16.342.741
	Skuldir samtals	17.154.844	16.342.741
	Skuldir og eigið fé samtals	7.525.265	9.124.329

Skýringar á rekstrar- og efnahagsreikningi 2015

Fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 2015 til Framhaldsskólans á Laugum námu samtals 213,4 m.kr. Þar að auki fengust með millifærslum af öðrum fjárlagiðum s.s. vegna ADL nemenda, launabóta og framlags til fámennra skóla og námu heimildir ársins kr. 231,5 m.kr. Rekstrartap frá fyrri árum var 7,2 m.kr. og uppsafnað rekstratap er því nú 9,6 m.kr.

Rekstrargjöld ársins voru samtals tæplega 261,7 m.kr en að frádregnum sértekjum sem voru rúmlega 27,7 m.kr voru þau 233,9 m.kr. Rekstrargjöld voru því 2,4 m.kr hærri en fjárheimildir ársins. Stafaði það fyrst og fremst vegna þess að Framhaldsskólinn á Laugum fékk 6,0 m.kr. til að mæta launbótum á árinu en greiddi 8,3 m.kr vegna þeirra.

Upphæð heildarrekstrargjalda jókst um 14,5% á milli ára eða um 33,1 m.kr. Þar af nam hækkun launakostnaðar 32,5 m.kr. Meginhlutinn af þessum aukna launakostnaði var vegna kjarasamningsbundinna hækkana á launum. Þó var lítil hluti kostnaðarauka vegna breytinga í starfsmannahaldi með komu nýs skólameistara þegar fráfarandi skólameistari og áfangastjóri hurfu til sinna fyrri starfa innan stofnunarinnar.

Sértekjur skólans lækkuðu um 3,6 m.kr. Húsaleigutekjur lækkuðu um 1,7 m.kr. og munar þar mest um fækkun nemenda á heimavist og að félagið Urðarbrunnur sem leigt hefur húsnæði af skólanum undanfarin ár færði sig um set. Ýmsar aðrar tekjur lækkuðu um 1,4 m.kr.

Höfuðstóll Framhaldsskólans á Laugum nam -9.629.579 kr. í árslok 2015. Skuld skólans gagnvart ríkissjóði hækkaði um 1,1 m.kr. eða úr 12,8 m.kr. í 13,9 m.kr.

Laugum, 16. mars 2016

Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari
Þórunn Sigtryggsdóttir fjármálastjóri